

## Móttaka nýrra starfsmanna

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt viðeigandi fræðsla samkvæmt móttökuáætlun. Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn.

Um kynninguna sjá: Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra.

### Skólastjóri:

- Sér um að nýr starfsmaður undirriti ráðningarsamning.
- Sýnir nýjum starfsmanni húsakynni skólans.
- Kynnir stefnu skólans.
- Kynnir réttindi og skyldur starfsmanna skv. kjarasamningi (s.s. veikindarétt, lífeyrismál, símenntunarákvæði, vinnutímaramma, vinnuskýrslu, stundatöflu, undirbúningstíma, vinnumenningu, starfsreglur, trúnaðar- og þagnarskyldu o.fl.).
- Sér um að nýr starfsmaður undirriti yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Veitir nýjum starfsmanni upplýsingar um vinnureglur, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsmannafundi.
- Kynnir Aðalnámskrá grunnskóla/skólanámskrá/skóladagatal/starfsáætlun.
- Kynnir upplýsingamiðla, heimasíðu og Mentor.
- Sér til að nýir starfsmenn fái kennslu á Mentor.
- Kynnir stoðþjónustu skólans.
- Kynnir hvernig móttöku nýrra nemenda er háttað.
- Kynnir skipulag matarmála í skólanum, bæði fyrir nemendur og kennara/starfsmenn.
- Fer yfir hagnýt atriði s.s. kaffitíma, hefðir og umgengni í skólanum.
- Kynnir nýja kennara/starfsmenn á fyrsta starfsmannafundi.
- Kynnir nýja kennara/starfsmenn fyrir foreldrum.
- Kynnir brunavarnir skólans, fyrstu viðbrögð við slysum og skráningu á slysum.
- Kynnir tölvukerfi skólans, tölvupóst, geymslu gagna og prentunarmáta.
- Kynnir vefsíðu skólans og hver setur efni inn á hana.
- Afhendir nýjum kennara/starfsmanni lykla (kvittað fyrir).
- Sér um að nýr kennari fái afhenta vinnutölvu (kvittað fyrir og skráð hjá sveitarfélagi).

## Öryggismál

- Eru minna en tvö ár frá því að viðkomandi sótti slysavarna og skyndihjálparnámskeið?
- Kynning á viðbragðsáætlun og öryggisferlum skólans.
- Staðsetning á sjúkrakassa, rýmingaráætlun og fleiri öryggisupplýsingar kynntar.
- Heilsufarsupplýsingar s.s. bráðaofnæmi er að finna á Mentor.

## Trúnaðarmaður:

- Kynnir stéttarfélag (KÍ/það stéttarfélag sem við á).
- Önnur mál er varða stéttarfélög.